

KJARVAL



948 KR. KG

Bautabúrs
Ungnautahakk



30%
afsláttur

599 KR. KG

Móa Krydduð læri



699 KR. KG

Ím Ýsuftök m/roði



20%
afsláttur

1429 KR. KG

SS Griskar
grfsahnakkasneiðar



20%
afsláttur

2149 KR. KG

SS Caj P's
lærissneiðar



50%
afsláttur

135 KR. KG

Vatnsmelónur
rauðar



299 KR. PK

Shop R. Devils Food og
Deep Chocolate kökumix



30%
afsláttur

279 KR. PK

Billy's Pan pizza
Original og Pepperoni



15%
afsláttur

Pizzaostur, Grátín ostur og
Mozzarella ostur rifinn



498 KR. PK

Allra Eldhúsrúllur
4 stk.



199 KR. PK

FP Haframjöl 1 kg



299 KR. PK

Huchen Meister Marmra-
og Marsipankökur

AtlasFrelsi
fæst hér
International
Calling Card



-SJÁ OPUNARTÍMA Á KJARVAL.IS -

VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

VITINN

verður í sumarfrí vikuna
9.-16. ágúst nk.

Næsti útgáfudagur er
miðvikudagurinn
19. ágúst.

Þurfa auglýsingar að berast
fyrir kl. 10:00 þriðjudags-
morguninn 18. ágúst.
Útg.

Frjáls

*Hugsaðu þér að sitja í báti á opnu hafi
og rugga með öldunum
hugsaðu þér að fljúga sem fuglinn
hátt yfir skjúnunum
hugsaðu þér að geta verið frjáls
frjáls frá þönkum um annan heim
sem við tilheyrum ekki
hugsaðu þér,
kannski erum við þegar frjáls.*

Rolf Birger Hannén

Vísur vikunnar:

Allt er kalt og allt er vott,
alltaf regnið streymir.
Enn um sumars einhvern vott
alla menn þó dreymir.

Yfir sígur húmið hljótt,
hyljast dæld og hnjúkur.
Klárinn fetar áfram ótt
upplitshýr og mjúkur.

*Höfundur: Jórunn Ólafsdóttir
frá Sörlastöðum f.1920 - d.2000*

Á bókinni finnst mér flautsur
en furðu veldur þó mestri
að Austurland nær svo langt austur
að andlitid sést í vestri.

*Höfundur: Egill Jónasson Húsavík
f.1899 - d.1989*

Málsháttur vikunnar:

Nú falla öll vötn til Dýrafjarðar. Sagt er
þegar mönnum þykir of seint að skipta um
skoðun eða hætta við hafið verk; þeir
ákveða að treysta á guð og lukkuna og
ganga þann veg á enda sem framundan er
þó að hann virðist vera býsna torfarinn, ef
ekki ófær.

32. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 5. ÁGÚST 2009

SMÁAUGLÝSINGAR

Bragaping 2009

Landsmót hagröðinga verður haldið í Hótel Laka, Efri Vík í Landbroti laugardaginn 29. ágúst og hefst kl. 20,00.

Skemmtun fyrir alla sem ánægju hafa af kveðskap, hvort sem þeir yrkja sjálfir eða ekki. Bent er á eftirtalin yrkisefni:

Höfuðdagur, franskir strandmenn, jötuninn stendur með járnstaf í hendi.

Miðaverð á mótið, kvöldverðarhlaðborð innifalið, kr. 4900. Gisting kr. 6000 á mann í tveggja manna herbergi, morgunverður innifalinn.

Pantanir á aðgöngumiðum og gistingu hjá Hótel Laka í síma 4874694.

Gistingu þarf að panta í síðasta lagi 16. ágúst.

Verkefnisstjóri

Friður og frumkraftar í Skaftárhreppi

Friður og frumkraftar er víðtækt samstarfsverkefni í Skaftárhreppi, sem hefur það að markmiði að efla byggð og markaðsstöðu svæðisins með vörupróun og markaðssetningu. Verkefnið byggir á vandaðri stefnumótun, virku klasasamstarfi og metnaðarfullum markmiðum.

Leitað er að verkefnisstjóra, sem verði leiðtogi í klasasamstarfi og sinni markaðs- og þróunarverkefnum, með sérstaka áherslu á ferðapjónustu.

Æskilegt er að umsækjendur hafi menntun og/eða starfsreynslu á sviði stjórnunar og markaðsmála. Viðkomandi hafi frumkvæði, sköpunarkraft, góða hæfni í mannlegum samskiptum og yfirsýn. Áhugi á umhverfismálum og útivist er æskilegur.

Um er að ræða ½ starf og er fyrst um sinn ráðið í það til eins árs, frá 1. september eða eftir samkomulagi. Starfsstöð er á Kirkjubæjarklaustri.

Umsóknir sendist fyrir 15. ágúst, til núverandi verkefnisstjóra, Sigurborgar Kr. Hannesdóttur, ILDI ehf., Fagurhóli 8A, 350 Grundarfjörður. Hún veitir einnig nánari upplýsingar í síma 438 1700, eða netfangið sigurborg@ildi.is.



Nýlega voru afhent verðlaun fyrir besta brauðið sem sem bakað er úr íslensku hveiti frá Þorvaldseyri. Jón Rúnar Arilfússon bakari hjá Kökulist sigraði með brauðið "Bygghleifur bakarans góða". Það var Kornax sem stóð fyrir keppninni. Á myndinni f.v. Ólafur Eggertsson bóndi á Þorvaldseyri, bakarinn, Jón Rúnar Arilfússon og Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra.
Myndir: Jónas í Fagradal



Guðný Valberg húsmóðir á Þorvaldseyri bauð gestum upp á góðgerðir gerðar úr heimaræktaða hveiti- og bygginu á Þorvaldseyri.

A DÖFINNI

Bragaping 2009

Landsmót hagröðinga verður haldið í Hótel Laka, Efrivík í Landbroti laugardaginn 29. ágúst.

13. ágúst nk. verður haldinn félagsheimilinu Leikskálum í Vík, kynningarfundur um hugmyndir að jarðfræðigarði (geopark) á svæði sem nær yfir hluta Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Félagsferð hestamannafélagsins Sindra 8.-9. ágúst nk.

Sumarferð eldri borgarar í Skaftárhreppi farið frá Skaftárskála þriðjudaginn 11. ágúst kl. 8:30

Netverslunin -

www.fallegfot.com

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.

Monsún - misserisvindur

Hvað er það?

Trausti Jónsson 20.10.2008

Í upphaflegri merkingu er monsún nafn á árstíðabundinni breytingu vinda á norðanverðu Indlandshafi, í Suður- og Austur-Asíu og suður með austurströnd Afríku (nafnið dregið af arabísku orði, mausim eða mawsim sem þýða mun árstíð). Arabar stunduðu snemma milli-ríkjaviðskipti á þessum slóðum og nýttu sér monsúnvindana til að sigla milli þess-ara staða og heimahafna. Á vetrum er norðaustanátt ríkjandi á norðanverðu Indlandshafi. Þetta er hin „eðlilega“ vind-átt sem ríkjandi er allt árið í staðvindabelti jarðarinnar. Á sumrin brotnar staðvinda-beltið sunnan Asíu niður og suðvestanátt verður þar ríkjandi.

Stundum er talað um monsúninn þannig að sérstaklega er átt við það tímabil ársins þegar suðvestanmonsúninn gengur inn yfir Indlandsskagann. Þá lýkur heitu þurrkaskeiði vorsins og sumarrigningar taka við. Þessara skipta er að jafnaði beðið með eftirvæntingu því mikil seinkun monsunákomunnar veldur uppskerubresti og annarri óáran á Indlandi. Á hinn bóginn verða rigningarnar stundum svo ákafar að flód verða. Sumarmonsún Asíu stendur venjuega frá því í júní og fram í september. Þá falla víðast hvar um 90% ársúrkomunnar á Mið-Indlandi og því vestanverðu, en 50-75% annars staðar. Mest úrkoma á Suður-Indlandi er við skiptin yfir í norðaustanmonsún vetrarins í október og nóvember, en þá fer vindur þar að blása af Bengalflóa. Á þeim slóðum stytir þó upp að mestu fyrir áramót.

Monsúnafnið hefur á síðari árum einnig haft tilhneigingu til að tákna hringrásarbreytingar af flestu tagi sem beinlínis tengjast því að land og sjór bregðast á mismunandi hátt við árstíðaskiptunum. Afríku-, Ástralíu- og Ameríkumonsúnar hafa nú þegar fengið fastan sess í fræði-ritum. Gróflega má einnig tala um Evrópumonsúninn og jafnvel Íslands-monsúninn.

Á íslensku hefur orðið misserisvindur verið

notað um monsúninn og viðsnúning ríkjandi vindáttu frá vetri til sumars.

Um tveir þriðju hlutar mannkyns búa á monsunsvæðum og matvælaframleiðsla heimsins er mjög háð þeim úrkomuháttum sem tengdir eru misserisvindunum.

Orsakir misserisvinda

Ástæðu misserisvinda er annars vegar að finna í misjafnri sólarhæð að sumri og vetri en hins vegar í mismunandi varmaeiginleikum lands og sjávar. Mikill munur er á fyrirferð meginlanda á norður- og suðurhveli. Löndin eru mun meiri um sig norðan miðbaugs en sunnan. Bæði Atlantshaf og Kyrrahaf ná frá Suðurskautslandinu og norður undir heimskautsbaug. Indlandshaf nær ekki nema lítið norður fyrir miðbaug, en meginland Asíu og Himalayafjöll gnæfa þar norðan við.

Árstíðasveifla hita er feikimikil á meginlandi Asíu. Á sumrin hlýnar þar mun meira en suður á Indlandshafi. Í grófum dráttum má segja að allt loft yfir landi bólgni þá út. Það veldur því að þrýstingur í háloftunum hækkar að mun og loft streymir þar út til allra hliða. Þá fellur þrýstingur við jörð, lágþrýstisvæði myndast yfir meginlandinu og loft tekur að streyma inn á það utan frá sjónum. Þetta er sumarmonsúninn. Við Indland kemur sjávarloftið úr suðri og suðvestri. Á vetrum gerist hið gagnstæða, loft yfir meginlandinu kólnar, það dregst saman, þrýstingur í háloftum fellur og loft leitar inn að meginlandinu. Niður undir jörð eykst þrýstingur þá og loft fer að streyma út frá landinu. Norðlægar áttir ríkjá þá á Indlandi.

Ígrunninn gætir þessarar árstíðasveiflu á öllum meginlöndum og jafnvel eyjum líka. En þetta segir samt ekki nema hluta sögunnar. Hin almenna hringrás lofthjúpsins, sem flytur varma úr hitabelti til kaldari hluta jarðarinnar, er mjög öflug. Víðast hvar yfirgnæfir hún monsunílhneigingar þannig að þær dyljast að nokkru.

tekið af síðunni vedur.is

Jarðfræðigarður – Geopark

Fimmtudaginn 13. ágúst næstkomandi mun verða haldinn kynningarfundur um hugmyndir að jarðfræðigarði (geopark) á svæði sem nær yfir hluta Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Á fundinum verður jarðfræði svæðisins kynnt ásamt hugmyndinni að jarðfræðigarði á svæðinu. Einnig verður á fundinum ráðgjafi frá European Geopark Network, Patrick McKeever, sem mun kynna starfsemi samtakanna um evrópska jarðfræðigarða. Gert er ráð fyrir góðum tíma í fyrirspurnir fundargesta.

Fundurinn verður haldinn eins og áður segir fimmtudaginn 13. ágúst í félagsheimilinu Leikskálm í Vík, klukkan 14:00.

Hvetjum alla til að mæta, sérstaklega aðila í ferðapjónustu á svæðinu.

Stjórn átaksverkefnis Háskólafélags Suðurlands
„Net þekkingar frá Markarfljóti að Skeiðarársandi“

Nýtt ferðapjónustufyrirtæki - Katlatrack

Lítið ferðapjónustufyrirtæki hefur litið dagsins ljós á planinu við Víkurskála í Vík. Það er Guðjón Guðmundsson sem hefur veg og vanda að stofnun fyrirtækisins.

Boðið er upp á á jöklaferðir þar sem farið er um Kötluslóðir inn að Kötlujökli, þar sem sett eru upp járn og gengið um jökullinn.

Að auki er í boði útsýnisferð með leiðsögn um Vík og næsta nágrenni ásamt ferðum um Mýrdalinn eftir óskum hvers og eins.

Hægt er að nálgast allar upplýsingar hjá Guðjóni í **síma 849-4404** og á netfanginu **katlatrack@gmail.com**

Tekið af vef Mýrdalshrepps **vik.is** 15.07. 2009





Guðsþjónusta var í
bænhúsinu á Núpsstað
um Verslunarmannahelgina.

Veðrið lék við kirkjugesti
sem flestir stóðu, sátu eða lágu
og nutu veðurblíðunar.
Fjölmenni var við messuna
eða milli 80-100 manns.
Það voru ellefu hestamenn
sem komu ríðandi til messu en
Ólafur J Jónsson bóndi frá
Teigingalæk hefur farið
ríðandi til messu í ein 40 ár.
Guðný og Hannes á Hvoli
buðu gestum upp á kirkju-
kaffi.

*Texti: Ingólfur Hartvigsson
Myndir: Minna Hartvigsdóttir*



Kristján Gissurarson lék á orgelið og félagar úr kirkjukór Prestsbakkakirkju leiddu söng kirkjugesta.

Vangaveltur

Við teljum okkur trú um að lífið verði betra eftir að við: göngum í hjónaband, eignumst barn og síðan þegar við eignumst annað barn.

Síðan verðum við ómöguleg yfir því að börnin eru enn svo ung og teljum að við verðum miklu ánægðari er þau eldast.

Þegar það gerist verðum við pirruð á því að þurfa að takast á við unglíngana okkar og teljum okkur verða ánægðari þegar þeir vaxa upp úr því aldurs skeiði.

Við teljum okkur trú um að við munum öðlast meiri lífsfyllingu loksins þegar: maki okkar tekur sig taki, þegar við fáum betri bíl, þegar við komumst í almennilegt frí eða þegar við setjumst í helgan stein.

Sannleikurinn er sá að það er ekki til betri tími til að verða hamingjusamur heldur en einmitt núna!..... Því ef ekki núna..... hvenær þá?

Lífið er alltaf fullt af vandamálum. Það er best að horfast í augu við það og ákveða að vera hamingusamur þrátt fyrir það. Alfred D. Souza sagði eitt sinn: "Lengi vel fannst mér alltaf sem lífið væri rétt að byrja - þetta eina sanna líf. En það var alltaf eitt-hvað sem stóð í vegi fyrir því, eitthvað sem þurfti að yfirstíga fyrst, einhver óklárud mál, tími sem þurfti að eyða í eitthvað, ógreiddar skuldir. Síðan myndi lífið byrja.

Dag einn rann það upp fyrir mér að allar þessar hindranir voru lífið sjálft." Þetta viðhorf hjálpar okkur að skilja að það er engin leið að hamingjunni. Hamingjan er leiðin. Njótum hverrar stundar sem við eigum. Njótum hennar enn frekar þegar okkur tekst að deila henni með öðrum sem er nógu sérstakur til að verja tíma okkar með ... og munum, að tíminn bíður ekki eftir neinum.

Hættu að bíða þar til þú hefur lokið námi eða þar til þú hefur hafið nám, þar til þú hefur misst fimm kíló eða bætt á þig fimm kílóum, þar til þú hefur eignast börn eða þar til þau flytjast að heiman, þar til þú byrjar að vinna eða þar til þú sest í helgan stein, þar til þú giftist eða þar til þú skilur, þar til á föstudagskvöld, þar til á sunnudagsmorgun, þar til þú færð þér nýjan bíl eða hús, þar til þú hefur borgað upp bílinn eða húsið, þar til í vor, þar til í sumar, þar til í haust, þar til í vetur, þar til lagið þitt byrjar, þar til þú ert búin að fá þér í glas, þar til runnið er af þér, þar til þú deyrð, þar til þú fæðist á ný ... til þess eins að ákveða að það er enginn tími betri til að vera hamingjusamur en einmitt núna!

Hamingjan er ferðalag ekki áfangastaður.

Til umhugsunar að lokum! "Sinntu starfi þínu eins og þú þarfnist ekki peninganna."

"Elskaðu eins og þú hafir aldrei verið særð(ur)."

"Dansaðu eins og enginn sjái til þín."

